

Stigamót ÍPS – Regluverk

1. Hæfi

- a. Allir spilarar þurfa að vera félagsmenn í einu af aðildarfélögum ÍPS til að geta tekið þátt í stigamótum ÍPS. Aðildarfélögin eru: Pílukestfélag Reykjavíkur (PFR), Pílufélag Reykjanesbæjar (PR), Píludeild Þórs (PFA), Pílufélag Grindavíkur (PG). Að vera félagsmaður þýðir að hafa greitt félagsgjald síns félags fyrir það ár sem Stigamótin eiga sér stað.
- b. Allir spilarar sem taka þátt í Stigamótum samþykkja að fara eftir regluverki ÍPS varðandi mót á vegum sambandsins.

2. Stigatafla

- a. Spilarar vinna sér inn stig á stigamótum og er stigagjöf háttað á eftirfarandi hátt:

- 1.sæti – 28 stig
2. sæti – 21 stig
- 3-4. sæti – 15 stig
- 5-8. sæti – 10 stig
- 9-16. sæti – 6 stig
17. og neðar – 3 stig

Stig þessi mynda stigalista ÍPS en listinn er notaður við röðun í flest mót á vegum ÍPS.


3. Röðun

- a. Raðað er í öll Stigamót ÍPS skv stigalista sambandsins. Undantekning á þessari reglu er fyrsta stigamót ársins 2019 en þar verður dregið blint. Ef tveir eða fleiri spilarar eru jafnir að stigum er farið eitt mót aftur í tímann og skoðað árangur í því móti þangað til að rétt röðun fæst. Ef leikmenn eru ennþá jafnir eftir að öll mót hafa verið skoðuð er farið eftir meðaltali úr seinasta stigamóti.
- b. Raðaðir spilarar eru í eftirfarandi röð:
 - i. Efri helmingur: 1-8-4-5
 - Neðri helmingur: 2-7-3-6

4. Fyrirkomulag

- a. Allir leikir eru einfaldur inn, tvöfaldur út 501, best af 9 leggjum í karla- og kvennaflokki. Sá spilari sem er fyrir ofan skal byrja að kasta í miðjuna til að ákvarða hvor byrjar leik. Þegar kastað er gildir einungis rauð og græn miðja. Spilari skal kasta einni pílu og taka hana úr spjaldinu áður en hinn spilarinn kastar sinni pílu. Ef pílan dettur úr spjaldinu telst hún ógild og má sami spilari kasta annarri pílu þangað til að ein píla telur. Ef báðir spilarar hitta í sama reit skulu þeir kasta aftur í öfugri röð.
- b. Öll stigamót skulu spilast á þann hátt að þeir spilarar sem tapa sínum leik skrifa næsta leik á sama spjaldi. ÍPS mun kappkosta við að hafa á staðnum skrifara til að skrifa fyrir spilara sem vilja ekki skrifa en kostnaður við að láta skrifa fyrir sig verður 1.000kr. fyrir hvern leik og þarf að greiðast áður en skrifari byrjar að skrifa nema samkomulag sé á milli spilara um greiðslu.

- c. Aftasti spilari (merktur með rauðu x-i) í hverjum fjórðung skal skrifa fyrsta leik í fyrstu umferð, sjá mynd:



- d. Neiti spilari að skrifa eða lætur sig hverfa áður en hann hefur lokið við skrift getur ÍPS bannað spilara að taka þátt í mótum á vegum sambandsins í framtíðinni. Allar ákvarðanir verða teknar fyrir á stjórnarfundum sambandsins og úrskurður gefinn út á heimasíðu sambandsins www.dart.is